# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 44

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brjef. 7/5 '10
By. 6

Mjer kom mjög á óvart að hin háttvirta Bæjarstjórn skyldi fella tillögu Byggingarnefndarinnar um að veita mjer leyfi til að hafa hina fyrirhuguðu byggingu mína jafnframarlega og hús þeirra hr. Björns Guðmundssonar, Helga Magnússonar og Lárusar G. Luðvíkssonar.

Þegar jeg byggði hús mitt Þingholtsst. 1 árið 1892 sótti jeg um leyfi til að mega hafa það í beinni línu við hús hr. Halldórs Þórðarsonar en mjer var synjað um það leyfi og skoða jeg að mjer hafi þá verið órjettur ger þar sem Byggingarnefndin nokkrum árum síðar leyfði áðurnefndum herrum að byggja svo framarlega eftir að hafa neitað mjer, og enn þá meiri órjett gerir hún mjer nú ef hún svo eigi leyfir mjer að byggja í beinni línu við þessi hús.

Það skal tekið fram málinu til skýringar að jeg hefi hugsað mjer síðarmeir að byggja vörusýningarskúr framan við húsið Þingholtsst. 1; myndi þá hverfa ósamræmi það sem Bæjarstjórninni virðist helst vera leyfinu til fyrirstöðu.

Að gefnum þessum skýringum óska jeg að hin háttvirta Byggingarnefnd taki málið fyrir á ný og komi því áleiðis til Bæjarstjórnar

Reykjavík 7. maí 1910
Virðingarfyllst-
Jón Þórðarson

Til Byggingarnefndar
Reykjavíkur

B. Rvk. 30 Haro B.Y.6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12 Mai 1910.

Á síðasta fundi byggingarnefndar fjellst nefndin á að leyfa mjer að byggja hús mitt með 6 skilyrðum. Jeg leyfi mjer að drepa stuttlega á þessi skilyrði.

1.) Að landsstjórnin láti bænum í tje ókeypis lóð undir Ingólfsstræti, milli Bankastrætis og Hverfisgötu.

Jeg skil ekki að stjórnarráðið geti slíka gjöf gefið heldur þingið. Byggingunni yrði þá frestað til þess eptir næsta þing. Byggingarleyfi mitt verður þannig blátt áfram áheit, að þessi náð skuli mjer sýnd, ef þingið gefi bænum þrefalt meira fje en öll lóð mín kostar. – Jeg skil vel að bærinn kjósi helst að landið gefi sjer götustæði, en að gjöra byggingarleyfi einstakra manna að mútum til þess að ná þessu augnamiði finnst mjer furðuleg uppástunga, sem gengi á rjett einstaklingsins er í hlut á. Að minnsta kosti stendur það alls ekki í mínu valdi að uppfylla slíkt skilyrði og ekkert væri fjerri mjer en að ganga milli þingmanna og biðja þá um að borga lóð mína þreföldu verði úr landssjóði.

2.) Nauðsynlegt gott skilyrði.

3.) Jeg myndi af eigin hvötum, vegna útlits hússins hafa reynt til að fara sem næst þessu með hæð kjallarans því verulega hærri má hann ekki vera svo vel fari. Þó vildi jeg fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún leyfði mjer lítið eitt frjálsari hendur og miðaði 4 álna hæðina frá miðjum norðurvegg en ekki á horninu. Þetta munar litlu

B. Rok. Málið By. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því eptir nýjustu upplýsingunum á húsið að setjast svo ofarlega að kallinn er lítill. Jeg fer fram á þetta af því að allur kjallarakostnaðurinn er klöpp sem ekki er hlaupið að að grafa niður. Hygg jeg að byggingarnefnd hefði óhætt látið mig ráða þessu, því jeg myndi ekki hafa farið lengra en hún hefði mátt við una.

4.) Þessu skilyrði svipar til hins fyrsta, nema að þetta stendur þó að nokkru leyti í mínu valdi. Leindið á að kaupa byggingarleyfið með því að gefa götustæði, jeg með því að sprengja grjótið úr þessum gegnum götunum. Skilyrðið er með öllu óaðgengilegt vegna þess að jeg get ekki vitað hvernær húsinu mundi óhætt fyrir slysalegri sprengingu. Aptur hafði jeg ætlað mjer að bjóða bænum að leggja gangstjettina norðan hússins fyrir mitt fje ef jeg fengi hana malda og mætti átölulaust gjöra hana nokkru betri en bærinn hefur að þessu gjört gangstjettir.

5.) Mun óþarft, en geng að því. Sleppi þá að sjálfsögðu efri þakás. Hvað síðustu málsgrein snertir um bogadregnu gluggana vil jeg mælast til að henni sje sleppt. Byggist líkl. á ófullkominni athugun. Þó getur nefnilega alls ekki að utan þó rúðan sje bogin um 1 1/2" þegar karmur er settur 4-5" djúpt, en um útlitið inni í stofu minni hygg jeg að mig skipti einan. Þegar jeg gjörði uppdráttinn athugaði jeg á mörgum húsum í sama stíl hvort gluggar sem gjörði bogadregnir - af líkri breidd og minni - en allir voru beinir er svo mjóir voru og mun það fara best.

6.) Skal sjá fyrir þessum 3 álnum fyrir slökkvitól, annaðhvort frá Ingólfsstræti eða Hverfisgötu og er það þó ósanngjarnt að bærinn skipi einstökum mönnum að kosta það sem enginn ber nema bærinn.

Virðingarfyllst

Guðm. Hannesson

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15. April 1910.

Hjermeð sendi jeg undirritaður hinni háttvirtu bygginganefnd uppdrátt af húsi sem jeg hefi í hyggju að byggja á austurhorninu milli Hverfisgötu og Ingólfsstrætis og óska jafnframt að nefndin mæli mjer út hússtæðið svo fljótt sem hún má vegna þess að jeg hefi þegar byrjað að grafa fyrir kjallaranum, svo framarlega sem hún sjer sjer fært að samþykkja uppdrátt minn.

Bæjarverkfræðingurinn hefur skýrt mjer frá því, eptir að lóðarkaup mín voru afgjörð, að samþykt hafi verið að sneiða götuhorn þetta um 7 álnir. Mjer kom þetta allsendis óvart og verði því haldið til streytu óska jeg að fá bygt svo sem lóðaruppdrátturinn B. sýnir. Jafnframt vil jeg fara fram á, að bygginganefnd gefi mjer meðmæli til bæjarstjórnar, að um þetta horn gildi hin venjulega 3. álna sneiðing, sem jeg hafði lagað uppdrátt minn eptir. Ætla jeg að rita bæjarstjórn beiðni um tilslökun á þessu mjer ókunna ákvæði. Jeg vil hjer benda á nokkur atriði sem mæla með því að halda ekki fram 7 álna skáanum.

1., 7 álna hornsneiðing þolist ekki á nokkru almennu privathúsi, sem ekki er því stærra. Þetta liggur í augum uppi þegar grunnflötur húss er dreginn upp. Má heita að heilt herbergi fari forgörðum við sneiðinguna ef húsið á annaðborð stendur fast við göturnar. Þetta er að vísu ill meðferð á þeim sem byggja, en þó bærinn líti hjer aðeins á sinn hag, þá er hitt gagnauðsætt að 7 álna sneiðing hlýtur að spilla stórkostlega útliti allra húsa af meðalstærð er sjerstök standa, ef ekki er því meira eytt til þess að fela hornsneiðinguna sem mest. Um þetta hvorttveggja veit jeg að hin háttvirta nefnd muni mjer samdóma.

B. Rok. 318/10 B. 46

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2) Af framangreindum ástædum, hljóta allir sem byggja einstæd íbúdarhús á hornum þessum að taka þann kost að flytja húsið 2 álnir frá annari hvorri götunni til þess að skadsneida ekki húsin. Líklegt er að húsið verdi eigi flutt lengra en þetta vegna þess hve lódirnar eru dýrar. Slík örmjó ræma sem blasir beint við nordanvindinum og ekkert afdrep hefir er ekki fallin til skrautblómaræktunar og yrdi því þegar best ljeti girt og grasi gróin en ógirtur gagnslaus óþrifablettur hjá midur hirdusömum. Að slíkt væri til prýdi á þessum einstöku hornhúsum skil jeg ekki, og þadan af sídur að skekkjan á húsaröðinni er stafar af flutningi hornhúsanna úr götulínunni, máske sitt á hvað, geri bætt útlit götunnar. Þó útlit götunnar væri eitt haft fyrir augum væri adeins um tvennt að gjöra - annadhvort að falla frá þessari miklu hornsneidingu eda leyfa ein-göngu að byggja stórhýsi á svædi þessu. Jeg hef heyrt að svo hafi eitt sinn verið til ætlast, og er þá sneidingin skiljanleg, en úr því þessu - sem er ekkert annað en bann gegn byggingu á svædinu - hefir eigi verið haldið föstu virdist mjer það óhjákvæmileg af-leiding að falla líka frá sjö álna sneidingunni.

3.) Vegna götuumferdar getur eigi verið þörf á svo miklum skáa, að minsta kosti ekki á þessu horni. Eflaust er þess langt að bída að umferd verdi þar mikil en þó svo yrdi þá þverbeygja ekki vagnar upp á móti brekkunni, en bádum götunum hallar drjúgum upp á við frá horni þessu.

4.) Ekki getur heldur verið að tala um að auka hjer loptrúm með audum hornum. Svo er til ætlast að ekki verdi bygt við Hverfisgötu nordanverda á þessu svædi og nordanvindurinn stendur óbrotinn á hornið, svo það þyrfti næmt nef til þess að finna loptið batna þó skáinn ykist úr 3 álnum upp í 7.

5.) Mjer var lód þessi seld án þess að um sneidinguna væri getið og hennar er ~~að~~ hvergi getið í byggingarreglugjörd bæjarins. Finnst mjer því hálf ósanngjarnt að spilla lód minni og auka mjer kostnað um fullar 200 krónur úr því að það eitt kemur í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðra hlið fyrir þeim, að kaupa skáann á 5 kr. hverja alin og spilla útliti götuhornsins.

Í uppdrættinum mínum getur á stöku stöðum ónákvæmni sem stafar af því að smávegis var breytt meðan uppdráttur var gjörður. Af því að hjer er um smámuni að tala vildi jeg til hægðarauka mælast til þess að nefndin leyfði mjer að ráðgast við Rögnvald Ólafsson um slík atriði og að það nægði ef hann samþykti. Vil jeg hjer sjerstaklega nefna kvistana á suðurhlið sem ekki eru rjett sýndir á Vesturgafli

Frá suð~~aust~~ vesturhorni hússins ætlast jeg til að komi vænn steingarður af sömu gjörð og kjallari sem nái 5 álnir í suður, að lóðartakmörkum mínum, og sje hann sem áframhald kjallaraveggsins. Við þetta yrði 2 álna ræma meðfram Ingólfsstræti alveg afskorin frá húslóðinni. Garður þessi myndi bæta útlit vesturgaflsins.

Húsið ætla jeg að byggja úr steinsteypu og fóðra veggi að innan til hlýinda. Hef jeg því gjört útveggina svo þunna sem byggingarsamþykt leyfir.

Virðingarfyllst

Guðm Hannesson.

Frumuppdrættirnir óskast endursendir

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25. April 1910.

Herra byggingameistari Rögnvaldur Ólafsson.

Sökum þess að ágreiningur hefur orðið í byggingarnefnd bæjarins um það hvort leyfa skyldi húsbyggingu mína á Hverfisgötu-Ingólfsstrætishorninu, en þjer fjærverandi er fundur var haldinn, leyfi jeg mjer að óska álits yðar um:

1.) Hvort þjer sjeuð meðmæltur því að leyfa aðeins stórbyggingar á svæðinu sunnan Hverfisgötu á gamla Landshöfðingjatúninu og því mótfallinn að leyfa að byggja privathús af sömu stærð og tíð fyrirhugaðs húss míns.

2.) Hvort þjer álítið nauðsynlegt að halda fast við 7 álna hornsneiðing ef á annað borð bygging hússins er leyfð á þessum stað, eða álítið það bæta útlit götuhornsins þó húsið væri flutt 2 álnir úr Ingólfsstrætis húsaröðinni.

3.) Hvort yður virðist ytra útlit eða önnur gjörð húss míns vera því til fyrirstöðu að leyfa byggingu þess.

Virðingarfyllst

Guðm. Hannesson

Að svo miklu leyti sem jeg get í snatri skal jeg leyfa mjer að svara ofanrituðum spurningum.

Ad 1. Sunnan Hverfisgötu mundi mjer þykja einna bezt fara snotur „villakvarter", úr því að opinberum stórhýsum mun ætlaður annar staður, enda þar helzt til þröngt. Hins vegar væri ef til vill ekki vanþörf á, að gerður væri enn ákveðnari uppdráttur en nú er til að byggingu þessa svæðis alls, áður en frekar er byggt.

Ad 2. Fyrir „villur" tel jeg 7 álna hornsneiðing allt of stóra, en 3 álna nægilega. Tveggja álna færsla á húsinu frá götu er að mínu viti verri en engin.

Ad 3. Nei.

Virðingarfyllst

Reykjavík

Rögnvaldur Ólafsson.

B.Rvk. 318/1910 By. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður beið hjer með hina háttvirtu byggingarnefnd að gjöra svo vel að mæla mjer út undir viðbygginguna við húsið mitt Nr. 10 C við Lækjargötu, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Reykjavík, 28./4.-10

Sigurjón Sigurðsson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk ³¹⁷⁄ [illegible] Bx6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að fara þess á leit
við hina heiðruðu bygginganefnd Reykjavíkur
kaupstaðar að mæla mjer út á lóð minni
við Laugaveg No 76 undir hús 14 x 14 og inn og
upp gaungu útbygginguna allt byggt úr steinsteypu
eptir því sem meðfylgjandi uppdrattur sýnir
að öðru leiti enn því að jeg óska eptir að
inngaunga dyr verði ekki í hornið heldur
þar sem nú gluggin er ~~oo~~ á þeirri hlið
sem snýr að Laugaveg og aptur gluggi á
horninu þar sem dyr eru sýndar á uppdrættinum
~~verð~~ og óska jeg eptir að þettað verði
gjört við firstu hentugleika

virðingarfyllst

Reykjavík 23 marz 1910

Jón Þorsteinsson

Til Bygginganefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 31/3 1910 B x 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



LITILL ÁGÓÐI FLJÓT SKIL

# VERZLUNIN EDINBORG

ASGEIR SIGURÐSSON,
KAUPMAÐUR.

ÚTIBÚ
AKRANES, KEFLAVIK,
ISAFJÖRÐUR, AKUREYRI,
ESKIFJÖRÐUR.

SÍMSKEYTI,
"EDINBORG, REYKJAVÍK."
TALSÍMAR,
66 & 86.

REYKJAVÍK 28. april 1910

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavikur, að Verzluninni Edinborg verði leyft að byggja skúr á milli húsanna Austurstræti No.9 og Hafnarstræti No.12, 14½ al. á lengd og 4 al. á breidd, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Það skal tekið fram að í nefndum húsum er engin íbúð, heldur eru húsin eingöngu notuð til verzlunar.

Virðingarfyllst,

Asgeir Sigurðsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavikur.

B. Rvk. 3/5/1910 Bx. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. Gamalíelsson,
Bókbandsverkstofa
Bóka- og pappírsverzlun,
Reykjavík.

Jeg undirritaður leifi mjer hjermeð að sækja um leifi til hinnar háttvirtu byggingar nefndar Reykjavíkur um að mega láta setja gluggakvist, á vestur þakhlið húss míns í Lækjargötu 6. A hjer í bænum.

Reykjavík 21 april 1910
Virðingarfyllst.
Guðm. Gamalíelsson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Aok. 3/4/1910 B. J. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, að mjer sje veitt leyfi til þess að gera þær breytingar á húsi mínu, Austurstræti nr. 5, er meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Virðingarfyllst

Ólafur Sveinsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 313/1910 B. y. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarfulltrúinn, hr. Sigurður Thoroddsen, hefur látið það í ljósi að verið gæti, að þess yrði krafist, að nýr stigi væri settur til niðurgangs úr viðbót þeirri við hús mitt, Austurst. 5, er jeg áður hef sent háttvirtri byggingarnefnd uppdrátt af. Þar eð ómögulegt verður vegna herbergjaskipunar í húsinu að koma slíkum stiga við, leyfi jeg mjer hjermeð, að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, að eigi verði krafist, að slíkur stigi sje settur; eins og á uppdrættinum sjest, bætist aðeins við eitt stórt herbergi og tvö mjög smá.

Reykjavík 29. April 1910

Virðingarfyllst
Ólafur Sveinsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 313/1910 B x 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður vil hérmeð leyfa mér að óska eptir að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, samþykki meðfylgjandi teikningu af skúr, sem eg hefi í hyggju að byggja austan við hús mitt nr 38 við Grettisgötu, að stærð 12 × 7 álnir.

Virðingarfyllst

Reykjavík 21. April 1910

Sig Björnsson

B. Rvk. 30/4 1910 Ry. 6

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer virdingarfilst að biðja hina hattvirtu bigginganefnd Reykjavíkurkaupstaðar. svo vel gjöra og veita mjer leifi til að biggja fjós og heyhús á lóð minni Eyvík á Grímstaðaholti. stærdin er 6×10 álnir eins og með filgjandi uppdráttar sínir. þess skal getið að næsta bigging er er 6 faðma frá. þessa mína beiðni óska jeg að fá afgreidda hið allra firsta með virdingu

Reykjavík 28/4 - 10 Jón Jónsson Eyvík
Grímstaðaholti

Svarið sendist til snikkara Bjarna Jónssonar Lindargötu 8. l.

B. Rvk. 31/1 '10 B.4.6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

David Östlund.
Redaktør.
Telefon-no. 27. – Telegraf-adresse Östlund.
P. O. Box 33 B.

Reykjavík 29-4- 1910

Hér með leyfi eg mér að leita samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur til þess að gjöra eftir nefndar breytingar á húsi mínu Austurstræti 17 hér í bæ:

1) Að stækka gluggana í vesturherberginu að austurstræti, og
2) að setja einar dyr milli gluggannna, þannig að herbergið geti notast fyrir sölubúð.

Teikning fylgir.

Virðingarfyllst
David Östlund

B. Rvk 31/5 1910 Bygg. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEFON 27
TELEGR.-ADR.:
ØSTLUND

# DAVID ØSTLUND

Reykjavik 6. maí 1910

Samkvæmt samráði við herra verkfræðing Sig. Thoroddsen skal eg hér með leyfa mér að breyta umsókn minni til byggingarnefndarinnar, dagsettri 29. apríl þ.á., þannig, að eg bið um að fá að hafa 1 glugga og 1 dyr að Austurstræti, og að glugginn verði stækkaður, og loks að dyrnar verði í vesturenda herbergisins (næst að „Sápuhúsinu").

Virðingarfylst
D. Østlund

Til
Byggingarnefnda
R.víkur.

B. Koh. 31/5 1910 B. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~STÝRIMANNASKÓLINN~~

Reykjavík 5. maí 1910

Eg leyfi mér hér með virðingarfylst að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur að mér verði leyft að byggja brádabyrgðaskúr áfastan við suðausturhorn fjóss þess, er eg hefi fengið leyfi til að byggja á erfðafestulandi mínu.

Skúrinn á að vera að stærð 4½ × 4½ álnir, vegghæðir 3½ og 4 álnir.

Geta skal þess að gjört er ráð fyrir að hafa skúr þennan sem ódýrastan og einfaldan mjög, með því að hann á að vera skýli handa þeim, sem fást þar við jarðabætur.

/. Aðal-frumdrætti af heyhúsinu og fjósinu, ásamt skúrnum, læt eg fylgja bréfi þessu, á frumdrættinum af erfðafestulandi mínu er og mörkuð lega byggingarinnar og hvernig hún snýr.

Virðingarfylst

Páll Halldórsson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 309/1910 B.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**G. HJÁLMARSSON.**
Telegram Adr.: „Gísli"
Telefon Nr. 7.

Norðfirði ........................ 19
ISLAND.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún veiti mjer leyfi til þess að ~~að~~ byggja þrílopftað steinhús á lóð minni Nr 8 við Laugaveg hér í bænum.
Einnig vildi jeg mælast til þess, að nefndin — ef hún veitir mjer leyfið — láti mig vita, ef húsið þyrfti að standa ofar á lóðinni, en jeg hefi ætlað því, sakir götubreikkunar, því það væri bagalegt fyrir mig, ef jeg vissi ekki um það fyr en seint og síðarmeir.
Ennfremur leyfi jeg mjer að biðja um svar sem fyrst því jeg fer úr bænum þ. 20. þ. m. og verð því að hafa fengið svarið fyrir þann tíma.
Beiðni þessari læt jeg fylgja uppdrátt af ofannefndri byggingu og einnig af lóð þeirri, er hún á að byggjast á.

p.t. Reykjavík 6. maí 1910

Virðingarfyllst.
Gísli Hjálmarsson

B. Rvk. 308/1910 Bx. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

## úr afsals og veðmálabók F I fyrir Reykjavíkurkaupstað

No 182.

Ritað á afsalsbrjef Litra F I No 75:

Lóð þá sem hinumegarritað afsal umgetur hefi jeg í dag selt herra trjesmið Helga Thordarsen í Reykjavík til fullrar eignar og umráða frá mjer og mínum erfingjum og afsalast lóðin því hjermeð þar sem kaupandinn hefir greitt mjer söluverð hennar að fullu og öllu.

Þessu til staðfestu rita jeg nafn mitt hjer undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 27. mars 1909

Vitundarvottar: Jóh. Jóhannesson

Guðm. Egilsson.

Sesselja Árnadóttir.

Lesið á bæjarþingi Reykjavíkur, 15. apríl 1909 og innfært í afsals- og veðmálab. Litra F I No 182

Gjald: Þinglestur kr. 3 - þrjár krónur. -

Jón Magnússon

Rjett útskrift staðfestir

Jón Sigurðsson

Gjald - 25
Útskrift og [illegible]
aur., greitt
J. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Geimsluhús mitt við Laugaveg 19 er nú því nær fullgjört, en vegna þess að byggingar fulltrúinn hr. Sig. Thoroddsen efast um að grind hússins sje í einu og öllu eptir strangustu ákvæðum byggingarsamþyktarinnar, og eins af þenna að eg hefi enga launung til þess í kringum hana hátt virta byggingarnefnd í einu eða öðrum þá leifi eg mjer formsins vegna að senda þetta erindi;

Í neðri grindinni eru viðirnir 3+4 en í stoðum 4+4. í efri hæð 3+3 í stoðum 3+4.

Eg leifi mjer því hjermeð að biðja um undanþágu frá því að þurfa að raska frá því sem orðið er. ~~þótt~~ þótt viðirnir kunni að vera að einhverju grennri en þeir er mælt, sem eg satt að segja veit alls ekki sjálfur,

Eg fullvissa yður um að þau hús sem eg læt byggja, vil eg hafa svo vönduð úti sem kunni sem föng eru á, og gjöri í því efni harðar kröfur til smiðanna

Að endingu vil eg enfremur leifa mjer að biðja um undanþágu frá að þurfa að láta brandpladina gánga upp fyrir þakbrún, ef eg hins vegar bý svo um að af því stafi engin eldhætta. ástæðan til beiðni minnar er sú að mjer reynist erfitt að búa svo um að vatn komist ekki á milli og hitt að fyrir augað er þetta viðkunnanlegra

Virðingarfyllst
Reykjavík 15/4 1910
Jóhann Jóhannesson

Til
Byggingarnefndar
Reykjavíkur

B. Rvk. 30/4 1910 B. ?6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 28. april 1910.

Helgi Hannesson úrsmiður hjer í bænum, hefur með brjefi, dags. 22. f. m., farið þess á leit, að stjórnarráðið ónýtti leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um að breyta megi vesturhelming húseignarinnar nr. 12 við Bankastræti hjer í bænum, án þess að setja það skilyrði að eldvarnarveggur verði gerður milli vestur-og austurhluta hússins, sökum þess að breyting þessi fari í bága við 2. og 20. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 7. sept. 1903.

Erindi þetta, sem kærandinn hefur ányjað með brjefum, dags. 5. og 19. þ.m., hefur verið sent byggingarnefndinni og bæjarstjórninni til umsagnar ásamt fylgiskjölum, og hafið þjer, herra borgarstjóri, með brjefi, dags. 12. þ. m., sent hingað hina umbeðnu umsögn, þar sem því er haldið fram, að með því að eign þessi sje aðeins eitt hús, bresti heimild til að krefjast eldvarnarveggs, þótt aðgerð fari nú fram á vesturhluta þess, enda sje, eptir þeirri skiptingu á húsinu, sem sameigendur hafi gert sín á milli, ómögulegt að setja eldvarnarvegg, með því að eigandi vesturhelmingsins eigi lengra austur á efri hæð en neðri. Skjöl þau, sem kærandinn hefur sent hingað bera einnig með sjer að nefndar upplýsingar um skiptinguna eru rjettar og eins það, að eign kærandans og sameiganda hans sje eitt hús en eigi tvö.

Þar sem 20. gr. nefndrar byggingarsamþykktar getur eigi talist

B. Rvk 306/1910 B. T. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eiga við í þessu máli, með því að aðeins er um eitt hús að ræða og ekkert, sem bendir á, að tilætlunin með breytingu þeirri, sem nú er verið að gera, sje að skipta eigninni í tvö hús, verður krafa kærandans, þegar af þessari ástæðu eigi tekin til greina, enda samkvæmt framangreindu eigi auðið að setja eldvarnarvegg á venjulegan hátt.

Framannefnt leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar verður því að standa óraskað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórn og byggingarnefnd.

Björn Jónsson

Jón Hermannsson

Til

B O R G A R S T J Ó R A N S Í R E Y K J A V Í K .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjer með að fara þess á leit að mjer verði leyft að byggja geymsluskúr við húsið nr 17 et við Skólavörðustíg samkv. meðfylgjandi teikningu 4×10 al að stærð.

Reykjavík 7. mai 1910

Virðingarfyllst.

Jón Þórðarson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 30/5 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 7. maí '10.

1. Elíasar Elíassonar, Kleppi, hafði beiðst um að fá breytt allt að 1000 ferálnum af erfðafestulandinu Litlaholtsbletti við Skólavörðustíg og boðið bæjarstjórn forkaupsrjett, en fyrirhuguð kaup ganga til baka eptir því sem hann hefur skýrt borgarstjórn frá og er því erindi aptur kallað af hans hálfu. –

2. Útdr. bréfs stjórnarráðsins dags. 28. apr. þ. á. viðvíkjandi kæru Helga úrsm. Hannessonar út af hækkun vesturhluta hússins Bankastr. 12. Gerðir byggingarnefndar og bæjarstjórnar samþ. af stjórnarráðinu. –

3. Beiðni Guðm. Hannessonar vísað til nefndar Þ. Thoroddsen, K. Zimsen og Rögnvaldi Ólafssonar, er láti uppi álit sitt á aukafundi næstkomandi þriðjudag. –

4. Ólafi Sveinssyni, gullsm., leyft að byggja eina hæð ofan á búð sína og vinnustofu Austurstr. 5, þannig að hæð sem undir húsið er 9°×12°, verður yfirbyggingin 9°×14° og ganga 2 álnirnar út yfir ~~bakhliðina, þannig fram~~ [illegible] leyfðir 3 kvistir á gamla húsinu og opnar veggsvalir.

5. Guðm. Gamalíelssyni leyft að gera gluggakvist (á 2° bás) á vesturþakhlið húss hans Lækjarg. 6a.

6. Sigurjóni trjesm. leyft að byggja tvíloptaða viðbót við 10c í Lækjargötu, ~~[illegible]~~ 10°×5° að stærð, og þar að standi þvottakjallara steyptan, með allan í jörðu að stærð 5½°×6°. En byggingarnefnd kærir Sigurjón til sekta fyrir að hafa byrjað og haldið áfram húsbyggingunni áður en teikningar voru samþykktar og leyfi veitt til byggingar.

7. Jóni Jónssyni, Eyvind., Grímsstaðaholti leyft að gera hús fyrir fjós og hlöðu, 6°×10° að stærð, [illegible]

8. Sigurði Björnssyni, kaupm. Grettisg. 38, leyft að gera skúr 7°×12°, við austurgafl húss hans. –

9. Davíð Östlund leyft að gera breytingar á gluggum og dyrum á húsi hans Austurstræti 10, en jafnframt kærir byggingarnefnd hann [illegible] fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hafa byrjað á verkinu án byggingarleyfis.

10. Páli Halldórssyni skólastjóra leyft að gera bráðabirgðaskúr, áfastan við fjós hans á erfðafestulandi hans í Kringlumýri; skúrinn 4½° x 4½° að flatarmáli. –

11. Beiðni Gísla Hjálmarssonar kaupm. frestað til aukafundar á þriðjud., vegna ónógra upplýsinga um lóðina. –

12. Verzl. „Edinborg“ leyft að gera samgöngubrú milli verzlunarhúsa sinna tveggja: búðarinnar við Austurstr. og vefnaðarvörubúðarinnar við Hafnarstr. Skúrinn á að standa á stólpum, svo að gengt verði undir, 4° breiður og 14½° langur.

13. Lesið upp bréf Jóns kaupm. Þórðarsonar til byggingarnefndar viðvíkjandi stæði húss þess, er hann hefir farið fram á að fá byggt við Bankastræti, og verður bréfið lagt fyrir bæjarstjórn. –

14. Beiðni Jóhanns kaupm. Jóhannessonar ~~til~~ um að fá undanþágu frá ákvæðum bsmþ. um [illegible] hafði bæjarstjórn vísað til byggingarnefndar til ítrekaðrar íhugunar. Byggingarnefndin heldur fast við að synja undanþágu þessa og kærir jafnframt Jóhann fyrir að hafa brotið áðurgreind ákvæði bsamþ. og krefst þess að bönnuð verði afnot hússins, nema lagfært sé. –

Öðrum málum frestað til aukafundar, er áður var nefndur. –

Knud Zimsen og Tryggvi Gunnarsson gengu af fundi fyrir fundarlok. –

[illegible]
Páll Einarsson
Jón Jensson
Rögnv. Ólafsson
Sig. Thoroddsen. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur